

Lífsgæðakapp- hlaupsfirringin?

Leiklist

Jóhanna Kristjónsdóttir

Nemendaleikhúsið frumsýndi í Lindarbæ Hundheppinn eftir Ólaf Hauk Símonarson
Leikmynd og búningar: Guðrún Sigríður Haraldsdóttir
Lýsing, hljóð og smíðar: Ólafur Örn Thoroddsen
Leikstjóri: Pétur Einarsson

Góður síður hjá forráðamönnum Nemendaleikhússins að láta útskriftarþekk jafnan flytja nýtt íslenskt verk, sérstaklega samið fyrir hópinn. Það ætti að vera til örvarar leiklist og leikritun. Hér hefur Ólafur Haukur Símonarson verið fenginn til verksins. Sjálfsgæta geta menn haft misjafnar skoðanir á því hvað þetta leikverk á að segja; er það um lífsgæðakapp-hlaupið og streitu nútímamannsins sem gerir hann óhæfan til eðlilegra mannlegra samskipta; um karlrembu sem reynt er að fara vel með að vísu en skýtur upp kollinum við hinar ýmsu kringumstæður. Er þetta ádeila á hina margumtöluðu firringu, þar sem engin útgönguleið er að lokum.

Ég sá haft eftir aðstandendum sýningarinnar að þetta væri mjög skemmtilegt leikrit og spaugsam, en með örlítið alvarlegum undirtóni. Með það í huga hver fram-

vindan er hljómar það sérkennilega þótt vissulega séu mörg skemmtileg og kaldhæðin atriði inn á milli. En hér segir frá hjónum, sem hafa kynnst í barnaskóla og elskast lengi þótt sú ást virðist ekki alveg til þess fallin að standast hversdagsstríðið. Hér eru vinahjónin, þar sem allt lítur vel út í fyrstu, en svo kemur í ljós að konan er nánast með brókarsótt og eiginmaðurinn er hommi; bæði hjónin skilja og þau fyrirnefndu þó ekki fyrr en þau hafa rætt við ráðgjafa. Svo fer konan að halda við sálfræðinginn sinn, eiginmaðurinn er svona allt að því orðinn gamaldags róni og meira að segja getur frjálsa útvarpsstöðin ekki notað hann; drykkfellda tengdamóðirin er lítil hjálp, vinirnir bregðast, afskiptasama tengdamóðirin er ekki síður illgjörn inn við beinið en sú drykkfellda. Maðurinn drepur konu sína, settur í fangelsi. Hengir sig.

Það er sem sagt spurning, hversu gamansamur þessi þráður er. En tilsvör og atriði eru oft fyndin og hnyttileg, eins og fyrr er vikið að, einkum framan af. Samt var að mínum dómi helsti gallinn að margar persónurnar voru eins konar klisjur fremur en persónur og ég held ekki að ætlun höfundar hafi verið að búa til ádeiluverk á klisjur — nema kannski á fréttamanninn frjálslega, sem tókst ágætlega.

Mér fannst afleitt hversu leikararnir fá misjöfn tækifæri í þessu



Atriði úr Hundheppinn.

verki. Það er ugglást erfitt að skrifa verk sem er sniðið svo að allir fái jöfn hlutverk, en í þessu voru eiginlega aðeins fjórir leikarar sem fengu tækifæri til að reyna að skapa persónur á sviðinu. Og þar sem höfundur hefur sjálfsgætt þessu nokkuð hópinn — eða það skyldi maður ætla — áður en hann hóf að skrifa leikritið fannst mér það ekki laust við kæruleysi að leikararnir átta fengu ekki öll að spreyta sig á jafnréttisgrundvelli.

Pétur Einarsson vann þrýðilega með þann efnivið sem hann hafði, bæði í verkinu og leikrunum. Allar staðsetningar voru léttar og áreynslulausar og hugmyndaþrá lausnir á ýmsum atriðum svo að til sóma var. Leikmynd og búningar

Guðrúnar S. Haraldsdóttur var þrýðilega gert verk. Steinn Ármann Magnússon fór með víðamesta hlutverkið, Ari, sem elskar Báru frá því í barnaskóla og alla tíð, þó svo að honum finnst hún leiðinleg og heimsk og kröfuhörð. Hann elskar hana þótt hafi haldi framhá henni, gleymir henni langtímum saman og elskar hana kannski mest á þeirri stundu sem hann drepur hana. Steinn sýndi kröftugan og bragðmikinn leik. Elva Ósk Ólafsdóttir var Bára og komst frá því ágætlega, persónan er að vísu gölluð frá hendi höfundar, þar sem hún er fjarska lítið skýrd og áhorfanda gefið takmarkað færi á að skilja hana, en Elva stóð sig vel og hafði augljóslega þegið góða leikstjórn.

Sigurþór Heimisson var Valli vinur og dró fram manneskjulegar hlíðar á honum á víðfellinn hátt. Helga Braga Jónsdóttir var eins og fiskur í vatni á sviðinu, framkoman óþvinguð og eðlileg, en framsögnin á stöku stað hikandi. Christine Carr gerði sér mat úr hlutverki Lóu á eftirtektarverðan hátt. Steinunn Ólafsdóttir, Ólafur Guðmundsson og Bára Magnúsdóttir voru í allmörgum litlum hlutverkum og voru leikin í að skipta um gervi, en að öðru leyti fannst mér þau verða útundan af hálfu höfundar.

Sýningunni var mæta vel tekið á frumsýningu og ungu leikrunum fylgja án efa góðar óskir út í alvöruna.

Sýning Listmálarafélagsins

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Hinni árlegu sýningu Listmálarafélagsins lauk 1. maí á Kjarvalsstöðum.

Það voru fimmtán félagmenn, sem tóku þátt í sýningunni að þessu sinni og teljast það allgóðar heimtur, því að félagmenn eru eitthvað rúmlega tuttugu.

Samtökin voru stofnuð sem sýningarhópur og teljast vera það miklu frekar en eiginlegt félag a.m.k. enn sem komið er.


Á síðustu sýningu voru nokkrar myndir hins ágæta málara Snorra heitins Arinbjarnar kynntar sérstaklega, en í ár var ákveðið að heiðra Einar G. Baldvinsson með sérstakri upphengingu vegna sjö-tugsafmælis hans á þessu ári, og valdi hann sjálfur myndirnar.

Það er þrýðileg hefð að minnst stórafmælis félagsmanna á þennan hátt og það setur skemmtilegri blæ á sýninguna, sem þar með er rofin af einni markverðri upphengingu, í stað þess að sýna einungis 2–5 myndir eftir hvern félagsmanna, sem verður jafnan óhjákvæmilega hálf einhæf og snubbótt samantekt.

Það er einnig svo, að myndir Einars G. Baldvinssonar settu sérstakan svip á sýninguna að þessu sinni í öllum sínum innileika og látleysi.

Einar hefur sem kunnugt er alla tíð haldið tryggð við ákveðin viðfangsefni og þá helst frá sjávarsiðunni, þótt á tímabili nálguðust þau hið óhlutlega eins og hjá svo mörgum af samtíðarmönnum hans með svipaða skólun og af líku upplagi.

Á tímabili var liturinn í myndum Einars mjög safaríkur og efniskenndur, svo myndirnar „Skip“ (I) frá 1956, „Skip“ (II) frá 1953 og „Vorkvöld“ (3) frá 1954, eru gott dæmi um. Allt eru þetta einfaldar en mjög hrifmiklar myndir og þykir



Einar G. Baldvinsson

mér mikill skaði, að Einar skyldi ekki halda áfram á þeirri braut og leggja sérstaka áherslu á hinn aflmikla undirtón í litrófi myndanna, einföld form og frjálslega færð í stílinn, sem er styrkur þessara mynda.


Víst hefur hann haldið áfram að mála ágætar myndir svo sem sér stað í myndum eins og „Frá Ólafsvík“ (8) frá 1987, „Bátur við bryggju“ (II) frá 1975 og „Bátar“ (13) frá 1963, en þær eru öðruvísi málaðar, stíllinn léttari og einhvern veginn sakna ég hins ramma undirtóns eldri myndanna í ljósi þess að haldin var yfirlitssýning á verkum Einars á sama stað fyrir nokkrum árum, þar sem styrkur hans sem málara kom ekki nægilega fram, hefði verið nauðsynlegt, að myndavalið hefði verið hnitmiðaðra nuna. En til þess hefur þurft meiri undirbúning og yfirvegaðra mat, en það er þó algjör forsenda þess að haldið verði áfram á þessari braut. Ekki á að koma til mála annað en að sýna það albesta sem völ er á, því að annars er hætta á,

að tilgangurinn missi marks. Fullvissa mín er, að með aðeins færri myndum en yfirvegaðra úrvali hefði hlutur Einars orðið meiri . . .

— Eins og alltaf á slíkum sam-sýningum er hlutur einstakra málara ákaflega misjafn, en það liggur í hlutarins eðli, að sá sem er sterkur í ár, er kannski í lægð næsta árið. Er því ákaflega óréttlátt að dæma framlag einstakra sýnenda, og auk þess eru hendur mínar bundnar, þar sem ég var einn þátt-takendanna.

En víst er að þessi samantekt var mjög fjölbætt og hvergi um neina þrönga einstefnu að ræða. Hér gat að líta hin ólíkustu stílbrigði allt frá klassískum landslagsmyndum Sigurðar Sigurðssonar í mjúka strangflatalist Karls Kvarans og fjölmargt þar á milli.

En annars er ég persónulega hreint ekki sáttur við þetta form upphengingar og finnst mér það gamaldags og úrelt. Hér væri vænlegt að stokka upp spiln og mæta til leiks með nýtt skipulag og frísklegri upphengingu að ári.



Halldór Árni

HALLDÓR ÁRNI

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í Listasafni alþýðu sýndi til 1. maí nýliðinn Halldór Árni allmargar landslagsmyndir svo og nokkrar konumyndir. Lítil deili veit ég á Halldóri, en hann mun hafa sýnt í Menningarmiðstöð Hafnirðinga, Hafnarborg, á sl. ári, en ekki komst ég til að sjá þá sýningu.

Auðséd er á vinnubrögðunum á sýningunni, að hér er um byrjanda að ræða, sem ekki hefur uppbyggt legð nám að baki. Vinnubrögðin eru mjög grunnrist og óyfirvegð og á köflum næsta flautursleg. Hér

skortir alla þjálfun, tilfinningalega dýpt fyrir litum og formum svo og markviss vinnubrögð.

Það er stórt orð að standa við að vera málarí, eins og maður nokkur hafði að viðkvæði fyrir margt löngu, og mættu ýmsir líta sér nær, áður en þeir reyna að hasla sér völl á opinberum vettvangi og hvað þá á listasöfnum og menningarmiðstöðvum. Í málalísta þurfa menn eins og í öðrum listgreinum, svo og lífinu sjálfu, að taka eitt skref í einu, því að hér er um hárðan húsbónda að ræða. En að sjálf-sögðu er hverjum og einum heimilt að leika sér á þessum vettvangi sem öðrum, en helst innan settra marka.

Söluturn í Vesturbæ

Til sölu er þekktur og vel staðsettur söluturn í Vesturbænum. Góð vaxandi velta. Verð 3,3 millj. Mjög hagstæð greiðslukjör.



Huginn, fasteignamiðlun,
Pósthússtræti 17, sími 25722.